

✉ Re: 2101140 - Ósk um umsögn – breyting á aðalskipulagi

Búið til	8.12.2021 14:26:22
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	8.12.2021 14:26:20
Tilheyrir	📁 202111-0036 - Hvanneyri LBHI - breyting á aðalskipulagi, skipulagslýsing,

Efni

Re: 2101140 - Ósk um umsögn – breyting á aðalskipulagi

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	8.12.2021 14:26:20	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	skipulag@borgarbyggd.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202111-0036 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar, dags. 24. nóvember, 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu á endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar, vegna byggingu Jarðræktarmiðstöðvar á Hvanneyri.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með skipulags- og matslýsingunni. Fyrirhuguð Jarðræktarmiðstöð verður staðsett á ræktuðu túni. Því er ekki um náttúrulegt gróðurlendi að ræða sem verið er að raska. Hins vegar eru ræktuð tún við Hvanneyri mikilvægir viðkomustaðir blesgæsa á fartíma og þess vegna er skipulagssvæðið innan friðlandsins í Andakíl. Lykilmarkmið friðlýsingar friðlandsins er verndun búsvæða blesgæsar.

Ekki er áætlað að skerða stórt svæði af friðuðu búsvæði og því ólíklegt að skipulagsáformin hafi neikvæð áhrif á blesgæsastofninn sem heimsækir svæðið á fartíma. Engu að síður er mikilvægt að leggja mat á langtímaáhrif uppbyggingar innan friðlandsins, almennt stilla slíkum áformum í hóf og horfa til mótvægisáðgerða eins og þörf krefur.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst.

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Skipulagsfulltrúinn" <skipulag@borgarbyggd.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: 2101140 - Ósk um umsögn – breyting á aðalskipulagi

Date: 24.11.2021 15:29:31

Góðan dag

Efni: **Hvanneyri Lbhí** – breyting á aðalskipulagi, skipulagslýsing

Varðar umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Á sveitarstjórnarfundi Borgarbyggðar nr. 220 þann 11. nóvember 2021 var lýsing að breytingu Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 á Hvanneyri samþykkt til auglýsingar.

Skipulagslýsingin var auglýst í Skessuhorni 24. nóvember og Íbúanum 25. nóvember 2021. Þá liggur tillagan fyrir til kynningar í þjónustuveri Borgarbyggðar og er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is (<http://www.borgarbyggd.is>) .

Óskað er umsagnar skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umsagnafrestur er til og með 9. desember 2021.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar veitir fúslega nánari upplýsingar verði þess óskað. Hægt er að senda tölvupóst á skipulag@borgarbyggd.is b.t. skipulagsfulltrúa eða hringja í síma 433 7100.

Meðfylgjandi:

Skipulagslýsing dags. 21.10.2021

**Bestu kveðjur / Best regards**

Þóra Júlíusdóttir

Verkefnastjóri skipulags- og byggingardeildar

+354 433-7100

thora.juliusdottir@borgarbyggd.is (<http://@borgarbyggd.is>) / www.borgarbyggd.is(<http://www.borgarbyggd.is/>)www.facebook.com/borgarbyggd (<http://www.facebook.com/borgarbyggd>)

Efni þessa tölvupósts, sem og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi, kann að vera trúnaðarmál. Það er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Borgarbyggðar eða tengdra stofnana. Misnotkun getur varðað bótaábyrgð og refsingu, auk þess sem viðtakanda ber samkvæmt gildandi fjarskiptalögum að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn eða viðhengi hans ranglega borist honum. Vinsamlegast eyðið póstinum og viðhengjunum í slíkum tilvikum.

The content of this e-mail and its attachments may be confidential and is only intended for the person or entity to which the e-mail is addressed. The sender is responsible for the content of this e-mail and its attachments if it is not connected with the activities of Borgarbyggð or its affiliated entities. Unauthorized use can instigate a claim for damages and constitute a criminal offence. If you have received this e-mail or its attachments by mistake please notify the sender and delete the e-mail and its attachments.

Viðhengi

image001.png (5 KB)

image002.png (5 KB)